

**FOSS**


**Stéttarfélag í  
almannapjónustu**

# Ársskýrsla FOSS 2025

# Efnisyfirlit

<b>Félagssvæði FOSS</b> .....	<b>2</b>
<b>Starfsemi FOSS</b> .....	<b>1</b>
Stjórn FOSS.....	1
Fræðslunefnd .....	1
Kjörnefnd .....	1
Orlofsnefnd .....	1
Skoðunarmenn .....	1
Skrifstofa FOSS .....	1
Hlutverk og ábyrgð trúnaðarmanna .....	2
<b>FOSS í myndmáli</b> .....	<b>3</b>
<b>BSRB</b> .....	<b>4</b>
Formannaráð BSRB .....	4
<b>Sjóðir</b> .....	<b>5</b>
Starfsmenntasjóður.....	5
Styrktarsjóðurinn Klettur.....	5
Orlofsnefnd FOSS .....	6
Virk endurhæfingarsjóður .....	6
<b>Varða - Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins</b> .....	<b>7</b>
<b>Sveitarfélag ársins</b> .....	<b>9</b>
<b>NTR ráðstefnan</b> .....	<b>10</b>
<b>Kvennafrídagurinn</b> .....	<b>12</b>
<b>Landsfundur Bæjarstarfsmannafélaga</b> .....	<b>13</b>

# Félagssvæði FOSS



Á félagssvæði FOSS eru 14 sveitarfélög. Það eru:

Árborg

Ásahreppur

Bláskógabyggð

Flóahreppur

Grímsnes- og Grafningshreppur

Hrunamannahreppur

Hveragerði

Höfn í Hornafirði

Mýrdalshreppur

Rangárþing eystra

Rangárþing ytra

Skaftárhreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Ölfus

# Starfsemi FOSS

## Stjórn FOSS

Stjórn FOSS hélt 12 stjórnarfundi á árinu 2025. Fundirnir eru staðfundir og haldnir á skrifstofu FOSS. Einn vinnufundur stjórnar er haldinn í byrjun starfsárs að hausti til að skipuleggja starfsárið. Stjórnin er einnig virk í að nýta rafrænar leiðir og funda á Teams. Skipulagðir fundir eru 11 á ári og oftast ef þurfa þykir vegna mála sem koma upp. Eins og gera má ráð fyrir koma fjöldi mála til afgreiðslu stjórnar á árinu.

Á milli aðalfunda fer stjórn FOSS með æðsta vald í málefnum félagsins og stýrir starfsemi félagsins samkvæmt lögum þess. Stjórnina skipa 7 aðalfulltrúar. *Stjórnarfolk félagsins kemur úr sex ólíkum starfagreinum, 5 sveitarfélögum og 2 frá ríkinu.*

Í stjórn árið 2025 sátu eftirfarandi fulltrúar:

Árný Erla Bjarnadóttir	Formaður
Birna Kjartansdóttir	Varaformaður
Elva Björk Árnadóttir	Meðstjórnandi
Helga Kolbeinsdóttir	Meðstjórnandi
Ingibjörg Guðmundsdóttir	Meðstjórnandi
Sigurjón P Guðmundsson	Meðstjórnandi
Svala Ósk Sævarsdóttir	Ritari

## Fræðslunefnd

Sigurjón P Guðmundsson  
Alma Sigurjónsdóttir  
Hrefna María Hagbarðsdóttir

## Kjörnefnd

Hafdís Sigurðardóttir  
Hrafnhildur Andrésdóttir  
Jónína Kristbjörg Björnsdóttir  
Varamaður: Björn Eðvarð Grétarsson

## Orlofsnefnd

Ásta Kristjana Jensdóttir  
Linda Björg Perludóttir  
Vaka Rúnarsdóttir

## Skoðunarmenn

Ingvar Már Guðnason  
Rósa Sif Jónsdóttir  
Varamaður: Fríða Rut Stefánsdóttir

## Skrifstofa FOSS

Starfsfólk skrifstofu FOSS tekst á við mörg verkefni og markmiðið með starfinu er að veita félagsfólki góða þjónustu. Starfsfólk gætir hagsmuna félagsfólks og er ávallt tilbúið að veita aðstoð er varðar þau málefni sem koma inn á borð félagsins. Málefni eru margskonar þar sem félagsfólk okkar vinnur ólík störf á hinum ýmsu starfstöðvum í þeim 14 sveitarfélögum sem félagssvæði FOSS nær yfir. Skrifstofa FOSS er að Eyravegi 27 á Selfossi. Starfsfólk skrifstofunnar tekst á við mörg verkefni og markmið starfsins er alltaf að veita félagsfólki okkar þjónustu. Starfsfólk fylgir eftir málefnum frá stjórn félagsins, skipuleggur aðalfund, trúnaðarmannafundi, fundi orlofsnefndar og fræðslunefndar. Starfsfólk veitir félagsfólki fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf varðandi kjaramál, réttindi í hina ýmsu sjóði, fræðslumál og orlofsmál svo eitthvað sé nefnt. Við vinnum að hinum ýmsu málum er lúta að kjarasamningum Orlofsmál eru stór hluti af málum skrifstofunnar og er starfsfólk stöðugt á vaktinni um hvort hægt sé að bæta einhverju við sem kallað hefur verið eftir. Einnig þarf að sinna eftirliti með húsum félagsins, laga það sem þarf og endurnýja þegar þarf innanstokksmuni. Vera í samskiptum við iðnaðarmenn þegar bilanir koma upp eða endurbætur eru þarfar, kaupa fasteignir, gera samninga við hótél og flugfélög. Starfsfólk félagsins leggur áherslu á að veita góða þjónustu og vill gjarnan heyra frá félagsfólki hvernig best sé að mæta þörfum þeirra og með hvaða hætti. Við reynum í hvívetna að tryggja góða upplýsingagjöf, bjóða upp á fjölbreytt framboð af viðburðum o.fl.





## Hlutverk og ábyrgð trúnaðarmanna

Trúnaðarmannaráð mynda stjórn FOSS og 50 trúnaðarmenn af öllu félagssvæðinu. Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a. í því að gæta hagsmuna félagsmanna FOSS á vinnustað og að kjarasamningar séu virtir ásamt því að miðla upplýsingum á milli félagsmanna og FOSS. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi, það felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu. Trúnaðarmenn eru helsta tengingin við vinnustaðina, störf þeirra eru því afar mikilvægt grasrótastarf.

Í félagi eins og okkar er það mikilvægara en nokkru sinni fyrr að trúnaðarmenn standi vörð um hagsmuni félagsmanna og leiðbeini, upplýsi og aðstoði eftir þörfum. Að vera trúnaðarmaður er góð reynsla og mikil þekking sem nýtist bæði í starfi og leik. Að geta greint vandamál og komið með lausnir er þekking sem margir hafa getað nýtt sér á lífsleiðinni. Trúnaðarmenn mynda net þekkingar og ábyrgðar um allt félagssvæðið sem nær frá Hornafirði til Þorlákshafnar ásamt uppsveitum Árnessýslu. Með því að hafa þetta net sem sterkast náum við bestum árangri í okkar baráttumálum. Félagið býr vel að því að vera með öflugan trúnaðarmannahóp, sem er fljótur að bregðast við þegar félagið leitar til þeirra, við metum það mikið. Einnig er þátttaka á trúnaðarmannafundum afspyrnu góð.

Haldnir voru þrjú trúnaðarmannafundir á árinu 2025. Markmið félagsins er að hafa fundina fjölbreytta þar sem reynt er að hafa puttann á púlsinum og fjalla um kjaramál sem og málefni félagsins. Einnig er mikil og fjölbreytt fræðsla í boði, námskeið, sem haldin eru af Félagsmálaskóla alþýðu.

# FOSS í myndmáli



Konur eru í miklum meirihluta eða 913 á meðan karlar eru 306 og kynsegin 1.

Í FOSS eru 1387 félagar, þar af 1220 á vinnumarkaði og 167 lífeyrisþegar.

## BSRB

BSRB eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Það var stofnað 14. febrúar 1942 af fjórtán stéttarfélögum með samtals um 1.550 félagsmenn. Formaður BSRB er Sonja Ýr Þorbergsdóttir. Í dag eiga 18 stéttarfélög með samtals tæplega 25.000 félagsmenn aðild að bandalaginu. Um tveir þriðju félagsmanna eru konur. FOSS er eitt af þessum félögum.

Hlutverk BSRB er að fara með forystu í hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannþjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og stuðla að bættu velferðarsamfélagi. Bandalagið fer með samningsrétt í sameiginlegum málum félaganna sem því er falið hverju sinni.

BSRB styður og eflir aðildarfélögin við gerð kjarasamninga og hagsmunagæslu félagsmanna. Þá vinnur bandalagið að samstöðu meðal aðildarfélaganna og stuðlar að jafnræði þeirra í framkvæmd og þjónustu til félagsmanna. Bandalagið vinnur jafnframt að fræðslu- upplýsinga- og menningarstarfsemi og jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði. Þá vinnur BSRB að aukinni samstöðu, samstarfi og tengslum í stéttarfélagsmálefnum innanlands og erlendis.

Þing BSRB fer með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Það skal taka til umfjöllunar þýðingarmikil málefni og móta stefnu BSRB. Þingið skal haldið þriðja hvert ár. Síðasta þing var haldið í október 2024 og var það 47. í röðinni.

### **Formannaráð BSRB**

Formannaráð BSRB er skipað formönnum aðildarfélaganna bandalagsins hverju sinni. Formaður BSRB er formaður ráðsins og boðar hann fundi að lágmarki þrisvar sinnum á ári.


Formannaráð BSRB mótar stefnu og megináherslur BSRB í málum sem kunna koma upp milli þinga ásamt því að vera vettvangur samráðs aðildarfélaganna bandalagsins. Það fylgir jafnframt eftir framkvæmd samþykktu þingsins og annarra mála sem vísað er til þess af þingi BSRB. Stjórn BSRB getur lagt ákvörðun um stefnumótun bandalagsins fyrir formannaráð.

Formannaráðsfundur BSRB sl. haust var vel sóttur og voru ýmis mál rædd m.a viðbrögð við þá atlögu sem stjórnvöld gera nú að réttindum vinnandi fólks, með áformum um afnám áminningarskyldunnar. Efnahagsmálin, staða launafólks sem og forgangsmál og áherslur BSRB í sveitarstjórnarkosningunum í vor voru einnig tekin fyrir á fundinum.

# Sjóðir

## Starfsmenntasjóður

Fræðslustyrkir úr starfsmenntasjóði árið 2025 voru 20.708.747 krónur. Flestir styrkir árið 2025 eru vegna náms- og kynnisferða þar sem stjórn FOSS ákvað að bregðast við lokun Mannauðssjóðs og opna tímabundið á styrki vegna ferða. Það skýrir aukningu styrkja á sl. ári. Annars eru umsóknir eins og verið hefur, flestir styrkir eru vegna háskólanáms. Gríðarleg fjölgun hefur verið vegna íslenskunáms sem er ánægjulegt. Á meðfylgjandi mynd má sjá skiptingu styrkjanna:



## Styrktarsjóðurinn Klettur

FOSS er aðili að Styrktarsjóðinum Kletti. Sjóðurinn var stofnaður samkvæmt samkomulagi BSRB annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóða, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga hins vegar frá 24. október 2000. FOSS gerðist aðili 1. janúar 2001. Sjóðurinn hét áður styrktarsjóður BSRB en var breytt árið 2025 í styrktarsjóðurinn Klettur.

Sjóðurinn greiðir m.a. út sjúkradagpeninga þegar starfsmaður hefur lokið launuðum veikindarétti sínum hjá vinnuveitanda. Þetta getur einnig átt við tekjutap félagsfólks vegna umönnunar maka

og barna. Sjóðurinn styrkir einnig fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsueflingar og forvarnir gegn sjúkdómum. Félagsfólk með gildandi ráðningarsamning á rétt í sjóðinn.

Upplýsingar um úthlutunarreglur sjóðsins og umsóknarferli er að finna á heimasíðu hans [www.klettursjodur.is](http://www.klettursjodur.is)

## Orlofsnefnd FOSS

Rekstur orlofsjóðs og útleiga orlofshúsa er einn af mikilvægustu þáttum í þjónustu félagsins ásamt því að bjóða upp á aðra orlofskosti s.s. gistimiða á hótél, gjafabréf í flug, Veiði- og Útilegukort ásamt gjafabréfum í t.d. Kraumu, Skógarböðin, Laugarás Lagoon og Vök. Þá á félagið og rekur 3 íbúðir og 2 sumarhúsa. Undanfarið ár hefur félagið tekið mismörg hús á leigu til framleigu til félagsmanna. Fara landsvæði eftir eftirspurn félagsmanna. Allir félagsmenn hafa aðgang að orlofsvefnum okkar.

Orlofsnefnd í samstarfi við starfsmenn félagsins gefa út orlofsblað. Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast með á heimasíðu félagsins en þar geta bæst við orlofskostir sem ekki eru kynntir í orlofsblaðinu.

## Virk endurhæfingarsjóður

**VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður** er sjálfseignastofnun sem var upphaflega stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í maí 2008. Í janúar 2009 var síðan undirrituð ný stofnskrá sjóðsins með aðkomu stéttarféлага og atvinnurekenda á opinberum vinnumarkaði. Sjóðurinn byggir á samkomulagi um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar í kjarasamningum á vinnumarkaði á árinu 2008. Markmið og hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsuþrengingum sem stefna að aukinni þátttöku og virkni á vinnumarkaði. Starf VIRK felst í að aðstoða félagsmenn við að endurheimta og efla starfsgetu og starfshæfni eftir veikindi eða slys. Lögð er áhersla á að halda vinnusambandi þegar það er til staðar og aðstoða við að finna leiðir til atvinnuþátttöku á nýjan leik.

# Varða - Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins

Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins leggur árlega fyrir könnun meðal launafólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Í könnun Vörðu var spurt um skiptingu heimilisstarfa meðal sambúðarfólks. Rannsóknin náði til félaga í aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og BSRB – heildarsamtaka stéttafélaga starfsmanna í almannapjónustu. Þetta er fimmta árið í röð sem könnun á lífsskilyrðum launafólks er gerð og hefur fjöldi svara aldrei verið meiri en nú þar sem tæplega 25.000 svör bárust. 10.254 svarendur voru í sambúð og eru til grundvallar í rannsókninni.

## **Ný skýrsla Vörðu sýnir ójafna skiptingu heimilisstarfa meðal karla og kvenna**

Konur sinna heimilisstörfum og ábyrgð heimilisins langt umfram karla. Verkskipting hjá konum og körlum í sambúð er mjög hefðbundin þar sem konur sjá í mun meira mæli um verkefni sem eru dagleg eða unnin oft í viku og innandyrna en karlar sjá frekar um störf sem eru unnin utandyra og oftast tilfallandi. Samkvæmt niðurstöðunum sinnir meirihluti kvenna alltaf eða yfirleitt þvotti og þrifum á heimilinu. Karlar sinna hins vegar mun frekar viðhaldi, bílum og reiðhjólum.

## **Jafnari ábyrgð á fjármálum og matseld**

Ögn jafnari verkaskipting kemur fram í verkefnum sem snúa að matseld og fjármálum heimilisins. Þó hallar á konur þegar kemur að matargerð en nærri helmingur kvenna sér alltaf eða yfirleitt um það sem snýr að innkaupum, eldamennsku og frágangi eftir mat. Hins vegar er hærra hlutfall karla en kvenna sem sinnir alltaf eða yfirleitt fjármálum heimilisins eða ríflega fjórir af hverjum tíu.

## **Konur og karlar meta framlag sitt til heimilisstarfa með ólíkum hætti**

Þegar kemur að verkefnum sem karlar segjast sinna í meira mæli en konur, svo sem viðhaldi og umhirðu bíla, er talsvert samræmi milli svara kynjanna um verkskiptingu á heimilinu. Karlar telja sig þar bera meginábyrgð og stór hluti kvenna segir að maki þeirra sjái um þau verkefni. Þegar hins vegar kemur að verkefnum sem konur segjast sinna í meira mæli, eins og þrifum og þvotti, er samræmið minna. Þar telur stór hluti karla að verkefnunum sé jafnt skipt sem rímar ekki við svör kvennanna. Þetta bendir til þess að talsverður munur sé á því hvernig karlar og konur meta eigið framlag til heimilisstarfa.

**Konur bera ábyrgð á fleiri þáttum sem falla undir þriðju vaktina**

Konur bera langt umfram karla ábyrgð á skipulagi og utanumhaldi heimilisins en umtalsvert hærra hlutfall kvenna en karla ber alltaf eða yfirleitt ábyrgð á sex af átta þáttum sem spurt var um í könnuninni og heyra undir svokallaða þriðju vakt. Þriðja vaktin er hugtak notað til að lýsa þeirri hugrænu vinnu sem felst í að muna eftir og skipuleggja hina ýmsu þætti er varða heimilislíf.

# Sveitarfélag ársins

Fjórða árið í röð var útnefnt „Sveitarfélag ársins“ á grundvelli undangenginnar könnunar. Svarendum fjölgar ár frá ári og hafa aldrei verið fleiri en árið 2025

FOSS ásamt tíu bæjarstarfsmannafélögum BSRB standa að könnuninni í samstarfi við Gallup. Árið 2025 uppfylltu 22 sveitarfélög skilyrði þess að komast á lista til útnefningar og fengu fjögur þeirra nafnbótina „Sveitarfélag ársins 2025“. Þau voru heiðruð við hátíðlega athöfn í október. Þetta voru sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Skemmtilegt að segja frá því að þau eru öll á félagssvæði FOSS.



Reglubundnar kannanir gefa færi á að skoða þróun milli ára og greina hverju umbætur eða breytingar hafa skilað sveitarfélögum eða einstökum vinnustöðum. Þá er eins og áður hægt að bera saman niðurstöður og þróun þjónustu- eða starfssviða sem og starfsstétta. Sömuleiðis er hægt að bera saman geira eða markaði en kannanirnar *Stofnun ársins* og *Fyrirtæki ársins* eru sambærilegar við þessa og gefa mikilvægar vísendingar um tækifæri og áskoranir í starfsumhverfi og stjórnun sveitarfélaga.

Könnunin náði til félagsfólks áður nefndra ellefu bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB sem voru í 30% starfshlutfalli eða meira og höfðu verið félagsmenn í a.m.k þrjá mánuði. Félögin starfa um allt land, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

# NTR ráðstefnan

Dagana 24. – 26. ágúst 2025 komu saman fulltrúar opinberra starfsmanna á sveitarfélagastiginu frá öllum Norðurlöndum að undaskildu Finnlandi. Þar var rætt um tæknibreytingar og gervigreind, símenntun og færniþróun, framtíð vinnumarkaðarins og hlutverk stéttarféлага í hröðum samfélagsbreytingum ásamt áherslum Z - kynslóðarinnar. Ráðstefnan var haldin í Kaupmannahöfn. Gestgjafi ráðstefnunnar var danska stéttarfélagið HK Kommunal. Lene Roed formaður HK sagði í opunarræðu sinni „Við stöndum frammi fyrir nýjum áskorunum sem enginn getur leyst einn. Því er norræn samstaða og samvinna lykillinn að því að verja réttindi starfsfólks og tryggja áframhaldandi öflugna opinberra þjónustu í samfélögum okkar.“

Alls tóku 35 fulltrúar úr BSRB-félögunum þátt í ráðstefnunni.

**Oystein Holm-Haagensen**, frá Delta í Noregi flutti erindi um gervigreind og áhrif hennar á vinnumarkaðinn. Hann sagði að hún myndi hafa mikil áhrif á opinber störf. „Við stöndum frammi fyrir óvissu sem við getum ekki einu sinni lýst. Það sem gildir um gervigreindina er óvissa um óvissuna um það óþekkt svo ég vitni í þekkt orð Rumsfeld. Við vitum ekki hvernig gervigreindin mun þróast – en við vitum að hún mun hafa áhrif á störf okkar allra.“ Þá sagði hann að stéttarfélagin yrðu að hvetja fólk til þátttöku í notkun gervigreindar, halda fræðslunámskeið og fá trúnaðarmenn vinnustaða til þátttöku í innleiðingu á gervigreind.

**Rebecka Prentell** frá sænska stéttarfélaginu Vision fjallið um hvernig alþjóðavæðing, loftslagsáskoranir og tilkoma gigg-hagkerfisins breyta starfsumhverfi opinberra starfsmanna.

Hún sagði að opinberi vinnumarkaðurinn væri ekki aðeins að fást við nýja tækni heldur líka hvernig samfélögin eru skipulögð upp á nýtt vegna hennar. „Við erum ekki aðeins að fást við tæknibreytingar, heldur líka breytingar á hvernig samfélagið sjálft er skipulagt. Vinnumarkaðurinn verður sveigjanlegri – en án stéttarfélaganna gæti hann líka orðið ótryggari.“ Það er mikilvægt að standa vörð um norræna vinnumarkaðslíkanið.

**Christiane Vejlo**, sérfræðingur í stafrænni þróun og framtíðargreiningu, fjallaði um áhrif gervigreindar á störf og samfélag. Hún lagði áherslu á að gervigreind væri komin til að vera og myndi bæði fell niður störf og skapa ný. Hún lýsti gervigreind sem virkum aðstoðarmanni en minnti okkur á að mennskan – tilfinningar, tengsl og lífuð reynsla sé það sem aðgreini mannfólk frá vélum.

**Malte Moll Wingender** frá Analyza & Tal kynnti niðurstöður rannsóknar um Z- kynslóðina á vinnumarkaði. Ungt fólk leggur mesta áherslu á að vinna við það sem það er gott í, upplifa sterkt félagslegt samfélag og fá sanngjörn laun. Áhyggjur af streitu, kulnun og jafnvægi milli vinnu og einkalífs eru áberandi og einn af hverjum sjö upplifir einmanaleika í starfi. Ungt fólk vill taka þátt, það sé tekið mark á því þrátt fyrir aldur, það sé hlustað á það. Þetta þýðir einfaldlega að það vill vera hluti af starfshópnum, teyminu, það verði tekið vel í góðar hugmyndir óháð aldri viðkomandi. Þau benda einnig á að það megi hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að stéttarfélög nái til ungs fólks og skapi vettvang þar sem þau upplifa að tilheyra, að þekking þeirra sé metin en sé ekki aldurstengd.

**Guðfinna Harðardóttir**, framkvæmdastjóri Starfsmenntar flutti erindi á ráðstefnunni um símenntun og mikilvægi náms alla ævi. Hún lagði áherslu á að menntun væri ekki eitthvað sem lyki með skólaskyldu eða háskólanámi, heldur ferli sem fylgdi okkur alla tíð.

# Kvennafrídagurinn



Hér á Suðurlandi tókum við fagnandi á móti kvennaárinu 2025. FOSS stéttarfélag í almannajónustu, Báran stéttarfélag og Verkalýðsfélag Suðurlands buðu félagkonum í leikhús á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Leikfélag Selfoss var með sýninguna Átta konur. Félögunum þótti vel við hæfi að nýta það sem er í nærumhverfinu. Þetta var frábær sýning og allir skemmtu sér konunglega

Konur og kvár um allt land sameinuðust á kvennaverkfallsdeginum 24. október sl. og sýndu að kvennabaráttan heldur áfram af jafn mikilli gleði, stolti og krafti og einkennt hefur þennan baráttudag. Kröfugöngur og samstöðufundir fóru fram í hinum ýmsu byggðarlögum um land allt. Um 50.000 manns komu saman í miðbæ Reykjavíkur í tilefni 50 ára afmælis Kvennafrísins 1975.

Á Arnarhóli var stórkostleg stemning og áhrifaríkt að upplifa samstöðuna. Slagorð dagsins var „Við stöndum saman“ og var hann á allra vörum ásamt baráttusöngnum sem einkennir Rauðsokkureytinguna Áfram stelpur, „En þori ég, vil ég, get ég, já ég þori, get og vil“

Í tilefni dagsins buðu FOSS og Báran upp á rútuferð til Reykjavíkur til að taka þátt í baráttunni. Voru allir sammála um að ferðin heppnaðist vel, því í rúttunni var fullt af konum sem áttu svo sterkar minningar af 24. október 1975 og deildu þeim með okkur hinum. Það var mjög áhugavert og mikið hlegið. Þegar á Selfoss var komið var boðið í veitingar á hótél Selfossi áður en hver hélt til síns heima með bros á vör og gleði í hjarta.

# Landsfundur Bæjarstarfsmannafélaga

Árlegur landsfundur bæjarstarfsmannafélaganna var haldin á Akureyri í nóvember 2025.

Fundurinn var vel sóttur og komu fulltrúar frá 11 stéttarfélögum

- FOSS stéttarfélag í almannaþjónustu
- FOSA félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
- Starfsmannafélag Garðabæjar
- starfsmannafélag Hafnarfjarðar
- Starfsmannafélag Kópavogs
- Starfsmannafélag Húsavíkur
- Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
- Starfsmannafélag Suðurnesja
- Starfsmannafélag Vestmannaeyja
- Kjölur stéttarfélag í almannaþjónustu
- Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu

Félögin héldu kynningu á sínum félögum. Árný Erla Bjarnadóttir formaður FOSS kynnti félagið og starfsemi þess. Sonja Ýr Þorbergsdóttir kynnti hlutverk BSRB og þjónustuviðmið og fór einnig yfir sögulega þróun bandalagsins en það var stofnað 1942. Mikil hópavinna fór fram á fundinum og var aðalverkefnið hvernig félögin sjá samvinnu/sameiningu félaga í framtíðinni. Hvernig sjáum við framtíðina fyrir okkur þannig að hún nýtist félagsfólkinu best. Einnig var verkefni um þjónustuviðmið BSRB við félögin og þjónustuviðmið félaganna til félagsfólks. Hrund Hlökkversdóttir framkvæmdarstjóri Mannauðssjóðsins Heklu kynnti starfsemi sjóðsins en þar geta stofnanir sveitarfélaga sem greiða í sjóðinn sótt í sjóðinn vegna endurmenntunar Foss félaga.

Mannauðssetur tekur þátt í að móta stefnur og vinna að fræðslutækifærum. Mannauðssetur getur aðstoðað við skipulagningu fræðslu til stofnanna m.a. um framsetningu símenntunar áætlana. Mannauðssetur vinnur að og lætur gera rannsóknir með það að markmiði að fá yfirsýn og hlúa að starfsumhverfi og starfsþróun, það leggur áherslu á samstarf við tengda fræðsluaðila.